

Föstudaginn 13. júní 1958.

Nr. 50/1957. **Jóhann Valdimarsson** (sjálfur)

gegn

Alfreð Guðmundssyni og Kára Guðmundssyni

(Vagn E. Jónsson hdl.).

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Einnig hefur hann fengið novaleyfi, dagsett 4. þ. m. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjenda, en til vara verulegrar lækkunar á dómkröfum þeirra svo og málskostnaðar úr hendi þeirra í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu af sinni hendi til Hæstaréttar með stefnu 13. júlí 1957, að fengnu áfrýjunarleyfi 5. s. m. Krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt áðurnefndu novaleyfi hefur aðaláfrýjandi lagt fram í Hæstarétti tvö ný vottorð. Í öðru þeirra, dagsettu 17. maí þ. á., skýrir pípulagningarmaður sá, Helgi Jasonarson, sem lagði skolplögn þá í húsi gagnáfrýjanda, er í málinu greinir, svo frá, að hann hafi að loknu starfi tilkynnt gagnáfrýjandanum Alfreð, að tappa vantaði í frárennslispípuna og hafi Alfreð þá sagzt mundu útvega tappann og festa hann í. Samkvæmt hinu vottorðinu, sem sonur aðaláfrýjanda hefur gefið og dagsett er 17. maí þ. á., kveður hann sig síðar hafa sett tappa í nefnda pípu og hafi þá enginn leki sézt á samskeytum hennar. Hafa vottorðsgefendur staðfest vottorð sín fyrir dómi, og einnig hefur gagnáfrýjandinn Alfreð komið fyrir dóm og neitað því eindregið, að framangreind frá sögn Helga Jasonarsonar sé rétt.

Af hálfu gagnáfrýjenda er því mótmælt, að þær varnar-

ástæður, sem aðaláfrýjandi reisir á vætti framangreindra manna og hann hefur ekki hreyft fyrr en fyrir Hæstarétti, verði teknar til greina. Með vísun til 110. gr. laga nr. 85/1936 verður og að fallast á, að málsástæður þessar komi ekki til álita hér fyrir dómi.

Telja verður, að gagnáfrýjendur geti sótt aðaláfrýjanda til heimtu bóta fyrir hjón það, sem leiddi af þeim mistökum starfsmanns hans, sem lýst er í héraðsdómi. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 2.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Jóhann Valdimarsson, greiði gagnáfrýjendum, Alfreð Guðmundssyni og Kára Guðmundssyni, kr. 2.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. október 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hafa Alfreð Guðmundsson, Mánagötu 4, og Kári Guðmundsson, Sogamýrarbletti 4, báðir hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 16. júní 1953, gegn Jóhanni Valdimarssyni vélstjóra, Ránargötu 10, hér í bænum, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 4.907.96 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1953 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt aðallega sýknu af kröfum stefnenda, en til vara, að stefnukrafan verði lækkuð. Svo og krefst stefndi málskostnaðar í báðum tilvikum að mati dómsins.

Málavöxtum lýsa stefnendur þannig, að árið 1949 hafi stefndi framkvæmt vatns- og skolplögn í húsi þeirra að Sogamýrarbletti 59. Er frá leið, hafi farið að bera á bleytu á eldhúsvegg undir vaski í eldhúsborði. Ágerðist þetta svo, að nauðsyn hafi

verið að brjóta upp vegginn til að finna orsakir bleytunnar. Þá hafi komið í ljós, að ofan á frárennslispípu frá eldhúsvaskinum var stútur, er staðið hafi opinn. Hefur stúturinn verið opinn inn í múrvegginn frá upphafi og þannig runnið vatn út í steininn. Einnig hafi komið í ljós dálítill leki með samskeytum í vatnslögn í sama vegg. Stefndi hafi verið kvaddur til og sýnt þetta. Hafi hann lagfært það, og hefur síðan ekki borið á bleytu. Stefndi hafi þá boðizt til að greiða kr. 500.00 í bætur, en því boði hafi stefnendur hafnað.

Stefnendur byggja kröfu sína á því, að stefndi beri fébótaábyrgð á tjóni því, er þeir urðu fyrir vegna gallaðra lagna stefnda.

Stefnendur fengu dómkvadda matsmenn til að meta til peninga-verðmætis viðgerðarkostnað tjónsins. Í matsgerð matsmannanna, dagsettri 26. maí 1953, er viðgerðarkostnaður metinn á kr. 4.007.96. Byggja stefnendur stefnufjárhæð sína í málinu á þeirri fjárhæð, að viðbættum kr. 900.00, er var kostnaður við matið samkvæmt reikningi.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann beri ekki ábyrgð á umræddu tjóni. Um það leyti, er lögnin var lögð, hafi verið mikill skortur á efni til pípulagna. Í hér um ræddu tilviki hafi vantað tappa í stút á frárennslispípunni. Hafi það verið sjáanlegt hverjum sem var. Þrátt fyrir það hafi stefnendur látið múra yfir stútinn. Sé því um að ræða aðgæzluleysi stefnenda sjálfra eða þeirra, er múruðu yfir stútinn. Varakröfu sína reisir stefndi á því, að viðgerðarkostnaðurinn sé allt of hátt metinn, hafi tjónið af völdum pípulagnarinnar ekki verið svo mikið, sem matsmennirnir telja. Hafi hann látið trésmið meta tjónið og hafi sá metið það á kr. 500.00, og hafi hann boðizt til að greiða stefnendum þá fjárhæð.

Stefnendur hafa skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi hafi ekki getið þess eða vakið athygli á því, að umræddur stútur væri opinn, áður en vaskurinn var tekinn í notkun.

Magnús Árnason múrarmeistari, er sá um framkvæmd múrverksins, hefur skýrt svo frá, að honum hafi ekki verið kunnugt um annað en að algerlega hafi verið búið að ganga frá pípulögn, er hann hóf múrverkið og hann hafi ekki á neinn hátt verið aðvaraður um það, að ekki mætti ljúka múrverkinu.

Eins og hér að framan hefur verið rakið, hefur stefndi viðurkennt, að umræddur stútur hafi verið opinn, þannig að ekki hafi verið fullgengið frá lögninni, er múrverkið var hafið. Þykir bera að telja stefnda bera fébótaábyrgð á tjóni því, er af því leiddi,

enda verður ekki séð, að hann hafi vakið athygli stefnenda á því, að lögninni væri ekki fullu lokið og ekki mætti múra yfir hana. Eins og fyrr greinir, mátu dómkvaddir matsmenn tjón stefnenda kr. 4.007.96.

Stefndi hefur á engan hátt hnekk mat matsmannanna og þykir því verða að leggja það til grundvallar í málinu. Samkvæmt því verður stefndi dæmdur til að greiða stefnendum kr. 4.007.96 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1953 til greiðsludags.

Eftir þessari niðurstöðu ber stefnda að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 1.600.00, og er þá tekið tillit til kostnaðar við mat.

Emil Ágústsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Sighvati Einarssyni pípulagningar-meistara og Einari Sveinssyni múrarameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Valdimarsson, greiði stefnendum, Alfreð Guðmundssyni og Kára Guðmundssyni, kr. 4.007.96, með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1953 til greiðsludags og kr. 1.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
